



# Morgunkaffi skólaárið 2007-2008

Mat foreldra á skólastarfinu

29. maí 2008

## Inngangur

Skólastjórnendur Salaskóla hafa tekið upp þann sið að bjóða foreldrum hvers bekkjar fyrir sig í morgunkaffi einu sinni á skólaárinu. Morgunkaffið hefst kl. 8:10 á kennarastofunni á smá inngangi frá skólastjórnendum og síðan ræða kaffigestir málin í hálf tíma eða svo. Eftir það er farið í skoðunarferð um skólann og endað inni hjá viðkomandi bekk.

Þessi siður hefur mælst afar vel fyrir og er mæting foreldra til fyrirmyndar. Venjulega mæta nánast allir foreldrar og má gera ráð fyrir að í heildina sé mæting 65-70% og venjulega heldur meiri hjá foreldrum yngri barna en eldri.

Í hverju morgunkaffi liggja sérstök blöð á borðum þar sem foreldrar eiga að skrifa nokkur atriði sem þeim finnst jákvæð og góð í skólastarfinu og nokkur atriði sem þeim finnst að megi fara betur. Yfirleitt eru foreldrar duglegir að skrifa en í sumum tilfellum gleymist það. Hvað sem því líður þá fáum við í skólanum gríðarlega miklar upplýsingar með þessum hætti um viðhorf foreldra til skólastarfsins en jafnframt líka margar góðar ábendingar og athugasemdir.

Stundum höfum við tekið góðar ábendingar til handargagns strax og í öðrum tilfellum hefur farið lengri tími í að melta þær. Eins og sjá má á þessari skýrslu kom fram mjög eindregin afstaða foreldra gegn aldursblönduðum bekkjum, þó vissulega væru sjónarmiðin misjöfn. Þetta hefur hjálpað okkur við að móta hugmynd um þróunarverkefni sem nú er verið að hrinda í framkvæmd.

Í þessari samantekt eru skrif foreldra listuð upp. Við munum áfram vinna með þessa skýrslu og nýta okkur hana í að bæta skólastarfið.

Við færum foreldrar góðar þakkir fyrir það framlag til þróunar skólastarfsins sem hér birtist og hlökkum til að hitta þá aftur í morgunkaffi haustið 2008.

Skólastjórnendur

# Morgunkaffi - Mat foreldra í 1. – 2. bekk 2007-2008

## Jákvætt

### Kennsla, kennarar og starfsfólk

- Kennarinn er mjög góð fagmanneskja
- Hæfilegt heimanám
- Ánægð með kennarann
- Góður kennari
- Góður kennari
- Íþróttakennslan !!!
- Umsjónarkennari + aðrir líka ☺
- Frábær kennari og kennsla
- Góður kennari og gott samstarf milli kennara, skólustjórnar og foreldra.
- Góður kennari og góðar upplýsingar frá henni í tölvupósti
- Barnið sem þarf málörvunarbjálfun fær það hér
- Kennari frábær
- mjög góður kennari
- fyrirmyndar kennari
- Góður kennari
- Fyrirkomulagið á námsmatinu, þ.e. að jákvætt framsett umsögn vegur þyngra en einkunnagjöf
- Frábær kennari
- Góð kennsla
- Lífandi kennsla
- Einstaklingsmiðaða námsáherslan virðist ganga nokkuð vel upp
- Frábær kennari ☺
- Erum mjög ánægð með kennara
- Mér finnst góð kennsla og vel haldið utan um allt
- Góður matur
- Góðir kennarar
- Þau fá talþjálfun ( þessi sem þurfa fá)
- Gott fólk hér sem hugsar um ánægju barna
- Gott starfsfólk í dægradvöl
- Góður kennari
- Skemmtileg skákmennig
- Góð samskipti við kennara/stjórnendur
- Börnunum virðist líða mjög vel í dægradvölinni
- Góð aðstaða í skólanum
- Mjög sáttur við kennsluaðferðirnar eins og hún er
- Einstaklingsmiðuð kennsla
- Góð samskipti við kennara
- Tónlistarkennsla
- Góðir kennarar
- Góðir kennarar
- Fjölbreyttir kennsluhættir
- Einstaklingsmiðuð nám
- Skemmtilegir kennsluhættir
- Að hafa tónlistarnám á staðnum
- Fjölgreindaleikarnir ☺

- Góð samskipti og upplýsingamiðlun
- Frábært skákstarf
- Skákkennsla
- Jákvætt viðmót í öllum hlutum
- Gleði í starfi
- Mikið af góðu starfsfólki, kennarar
- greinilega gott innra starf
- Skákiðkun
- gott starfsfólk í dægradvöl => gott starfsfólk
- fjölbreytt í dægradvöl(skák)
- skákkennslan
- Mikið af góðu starfsfólki í dægradvöl
- frábært starfsfólk
- Frábært starfsfólk í dægradvöl Mjög ánægð m. kennarann og virðist vera haldið vel utan um börnin
- sniðugt að hafa samstarf við íþróttafélög
- Frábær skóli
- Grænn skóli
- Hlýlegt og persónulegt umhverfi- viðmót fyrir börnin
- Andrúmsloftið og starfsfólkið mjög gott
- Metnaður
- Bekkjarfyrirkomulagið – finnst það hafa fleiri kosti en galla
- Gott starfsfólk
- Þetta með að hafa 2 árganga saman í bekk er að mínu mati mjög jákvætt
- Heimanám passlegt og gengur vel.
- Skólastarf gott og metnaðarfullt
- Fjölbreytt óhefðbundið starf(skák, fjölgr.leikar,100 daga hátíð)
- Að ná árangri í leik og starfi

### **Líðan**

- Félagslegi pakkinn mikilvægur í tengslum við aldursblöndun í bekknum
- Vel tekið á móti barni sem þekkti engan í skólanum. Hann er mjög ánægður og líður vel. Búinn að eignast marga vini.
- Góður andi
- Jákvætt andrúmsloft
- Barninu líður vel í skólanum, aldrei neitt múður að fara.
- Strákurinn minn er glaður þegar hann kemur heim
- Börnunum líður vel

### **Tómstundastarf**

- Samvinna við íþróttafélögin t.d. Gerplu
- Mín reynsla af dægradvöl er mjög góð
- Skákin er frábær og styrkir nemendur
- Ég er mjög ánægð með félagslega starfsemi skólans
- Jákvætt að verið sé að ræða að taka íþróttir inn í dægradvöl. Barnið mitt er t.d. tvo daga í viku kl. 17-19 í fimleikum ( er til 16:30 í dægradvöl) og dagurinn því mjög langur
- Ég er ánægð með starfið í Dægradvöl. Ég sé að þau hafi fjölbreytt val. Mér finnst persónulega að börnin þurfi ramma en fá að njóta sín í frjálsum leik.

### **Samskipti við heimili**

- Gott viðmót og upplýsingaflæði frá skólanum til heimilanna

- Þessi fundur
- Upplýsingaflæði með tölvupósti
- Gott samstarf milli heimila og skóla
- Mikið upplýsingaflæði
- Samstarf milli foreldra og skólans
- Góð samskipti milli foreldra og kennara
- Gott aðgengi að kennara
- Gott upplýsingastreymi til foreldra
- Jákvæðir kennarar og fá upplýsingar í lok vikunnar um starfið
- Fundur og samskipti stjórnenda við foreldra
- Gott samstarf við foreldra
- Góð samskipti
- Gott samstarf og góður andi
- Auðvelt og þægilegt að hafa samband við kennara
- Samskipti mjög góð
- Gott upplýsingaflæði til foreldra á tölvutæku formi
- mjög gott að þið setjið ykkur markmið og eru að ná þeim t.d. eins og með dægradvöl og HK
- samstarf milli Salaskóla og íþróttafélaga
- upplýsingagjöf til foreldra sbr. Þessi fundur – tölvupóstur
- Tölvuskeyti t.d. vikubrésið

#### **Aðstaða og búnaður**

- Góð aðstaða
- Góð aðstaða við skólann
- Mötuneytið
- Skipting skólahússins eftir aldri
- Góð aðstaða og gott starfsfólk

#### **Stjórnun**

- Skólastjórnin er jákvæð og gott að sjá hvað þau eru virk í foreldrasamstarfi. Haldið áfram á sömu braut.
- ég er mjög ánægð með stjórnun og kennslu í skólanum
- Skólastjórn dugleg að bjóða foreldrum í heimsóknir og kynningar
- Gott að finna að stjórnendur eru alltaf að finna leið til að gera gott betra= t.d. H.K

#### **Mötuneyti**

- Heitur matur í hádegi
- Mötuneyti þ.e. heiti maturinn
- Fínt mötuneyti
- gott að hafa mötuneyti
- mötuneytið
- mötuneytið
- Mötuneytið
- Mötuneytið
- Gott mötuneyti

## Það sem betur má fara

### Kennsla og skipulag

- Mætti kenna nemendum að koma fram, með því að láta þau standa upp fyrir framan bekkinn.
- Viljum ekki aldursblöndun í bekknum. Er engan veginn að virka. Félagslegi þakinn mikilvægur. Endurtekning á námi fyrir þá sem eru í 2.bekk
- Þarf að skipta örar um lestrarbækur(þótt börnin gleymi því)
- Samkenntla aðallega á allra yngsta stigi 1.-3
- Blandaðir bekkir
- Upplýsingar til afleysingakennara frá skóla v/barna m/sérþarfir þ.e.a.s. barnið verður óöruggt.
- Hafa 1.bekk óblandaðan
- Fáir af sama kyni í hvorum árgangi í hverjum bekk.
- Kynna betur samkenntluna kosti og galla
- Samkenntla
- Breytingar á hverju ári- rót fyrir yngstu börnin
- Blandaðir bekkir
- Bekkjarkerfið 2 bekkir saman. Er það ósátt við þetta fyrirkomulag að ég set það á móti þessum fimm jákvæðu punktum hér að ofan( setti 5 jákvæðar fullyrðingar athugasemd frá hb)
- Mættu vera fleiri stelpur á sama ári í bekknum, sérstaklega þegar litið er til þess að e. ár fer dóttir mín í 3.bekk sem er mikið stökk frá því að vera með 6 ára og yfir í að vera með 9 ára börnum.
- Ekki gott að hafa tvo árganga saman
- Aldursskipting þ.e. 2 árgangar í bekk er e-ð sem ég á erfitt með að skilja, skapar rót fyrir börnin og þeirra umhverfi
- Aldursblöndun getur stundum verið neikvæð
- Það mætt fylgjast betur með hemanámi yngstu krakkanna. Þ.e.a.s t.d. með lestrarbækur að passað sé að þau fá nýja bók þótt þau eigi að passa upp á það þá eru þau ung og geta því gleymt að biðja um nýjar bækur.
- Vantar sérdeild
- Tilraunastarfsemi með óþarfa óvissu
- Lítil kjarni sem heldur sér t.d. 3 – 5 stelpur

### Tómstundir

- Dægradvöl- skipta hópnum niður á starfsmenn. Hver starfsmaður beri ábyrgð á x mörgum börnum.
- Upplifi dægradvöl svolítið sem “chaos”
- Heimanám í dægradvöl
- Samstarf við( milli ) íþróttafélög og dægradvöl
- Dægradvöl- eldri nemendur hjálpi – foreldrar skrái sig fyrir eftirmiðdegi til að deilda með dægradvölinni
- Væri gott að hafa tómstundarstarf strax eftir skóla (ekki beint mínus fyrir skólann bara ábending)
- Dægradvöl
- Kaos í dægradvöl
- Aðstoð með heimanám í dægradvöl
- Heimanámsaðstoð í dægradvöl t.d. 1 klst í viku fyrir þá sem vilja.

### **Samskipti við foreldra**

- Gaman ef foreldrar gætu verið meiri þátttakendur. Fleiri dagar sem okkur væri boðið í heimsókn til að sjá hvað fer fram í skólanum.
- Foreldravital án barns auk núverandi viðtals
- Væri gott að fá meiri endurgjöf frá kennara t.d. með tölvupósi

### **Aðstaða og búnaður**

- Óaðlaðandi skólalóð
- Betri lýsing á bílastæði
- Snjómokstur í tröppum austanverðu
- Fatahengi yngri bekkinga er illa hannað. Það eru meiri líkur á að týna fötum frekar en hitt.
- Vantar betri leikvöll í kringum skólann
- Vinnusvæði í grennd við skóla
- Slæm lóð
- Vantar skólabúninga
- Vantar skólabúninga

### **Líðan**

- Fá "vin" í skólanum – eldri nemendur taka að sér "nýja"!
- Allt lausar í repunum í bekknum, ljótt orðbragð t.d. "fuck you"
- Vantar betri eftirlit í útivistartíma
- Það er meira einelti (því miður) á milli krakkanna
- Það vantar að fylgjast betur með í fataklefanum. Sum börn fela hluti mjög oft, þannig að aðrir lenda í vandræðum.
- Væri gott að tekið yrði á móti börnunum fyrst á morgnana þ.e. allra yngstu börnin
- Meira aðhald í fataklefa
- Skólinn byrjar of snemma fyrir þau yngstu
- Útigæsla – finnst stundum hún ekki vera nægilega sjáanleg
- Gæslan
- Slitrótt frí
- Matartíminn virðist vera mjög snemma þannig að börnin eru mjög svöng þegar þau koma heim
- Mætti vera hollari hádegismatur.
- Hollur matur í hádegi

### **Annað**

- Hef ekki undan neinu að kvarta

# Morgunkaffi - Mat foreldra í 3.-4.bekk skólaárið 2007 - 2008

## Jákvætt

### Stjórnun

- Í heild tel ég skólann opinn og skemmtilegan
- Aldurblöndun yngri bekkja
- Samkenntla
- aldursblöndun
- Aldursskipting í bekkjum
- Aldurskipting
- Gott að hafa aldurblöndun. Skilar sér vel þegar nemandinn eldist
- Aldursblöndun virkar vel ef kennarinn er góður og ræður við hana
- Er ánægð með aldursblöndunina
- Ekki í blönduðum bekk
- Fjölbreytt skólastarf
- Undanfarið ár finn ég fyrir breytingu á að fljótara er gripið inn í ef eitthvað kemur upp á.
- Engar eyður í stundaskrá
- Auðvelt að ná í skólann. Ásdís frábær
- Áhugasöm skólastjórn
- Virðist vera mikill metnaður til að gera vel
- Gott aðgengi að stjórnendum
- Góð umgjörð
- Unnið markvisst á mótí einelti
- Gott að hafa svona foreldrafundi
- Fjölbreytileiki
- Takk fyrir frábæran skóla ☺

### Líðan

- Góður andi
- Börnunum líður vel í skólanum
- Almennt góður andi í skólanum – nemendur glaðir
- Börnin eru ánægð
- Jákvætt umhverfi
- Barninu líður vel í skólanum. Finnst vera munur á því og örðum skólum sem mín börn hafa verið í
- Gott andrúmsloft
- Ánægð börn(a.m.k. mín)☺

### Samskipti

- Yfirleitt gott upplýsingaflæði
- Jákvætt andrúmsloft
- Gott samstarf

### Kennsla

- Góðir kennarar
- Fjölgreindarleikar
- Góð ípróttaaðstaða



- Smiðjur
- Íþróttir
- Frábærar smiðjur (smiðjukennsla nauðsynleg)
- Einstaklingsmiðað nám
- Smiðjur
- Smiðjurnar - kynna fleirum
- Smiðjur
- Góð aukakennsla
- Smiðjur
- Fjölgreindarleikarnir
- Smiðjur mjög jákvætt
- Tónlistarnám í skólanum. Vonandi geta þau verið í tónlistinni í skólanum sem lengst! Skákin líka
- Margir tímar í röð í smiðjum, þau fá meira út úr honum, flott
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir
- góð kennsla almennt
- fjölbreyttar kennsluaðferðir
- Smiðjur frábær hugmynd. Barninu líður mjög vel í skólanum
- í smiðju í mismunandi hópum

#### **Mötuneyti**

- Heitur matur í hádegi

#### **Dægradvöl / tómstundir**

- Kórinn virkilega skemmtilegur, Ragnheiður stendur sig með stakri þryði og er virkilega góð við krakkana.
- flaututímar-tónlistarskólinn
- skákin

### ***Það sem betur má fara***

#### **Stjórnun**

- Agamál
- Aldursblöndun
- Kennaravelta
- Ör skipti á kennurum
- 3 kennarar á þremur árum
- Aldursblöndun
- Erfitt að missa vinkonur við stöðugar bekkjabreytingar
- bekknum” skipt í of marga mismunandi hópa
- Tengsl foreldra verða lítil vegna nýrra bekkja á hverju ári
- Aldursblöndun ( þó það eigi ekkert við mig )
- Blandaður aldur í bekk, hefur ekki hentað, hingað til, barninu mínu. Félagarnir fara í allar áttir eftir árið. Ekki verið haldið nógu vel utan um, að halda hópinn þó jafnaldrar séu.
- Hafa 2 árganga saman. Að mínu mati ekkert betra við það en eykur bilið milli getu nemenda veðrur helmingi meira og því erfiðara fyrir kennarann. T.d. elsta dóttir mín lærði í raun annað hvert ár þ.e..þegar hún var með eldri krökkunum, en þegar hún var með þeim yngri var ekkert krefjandi
- Bekkjarblöndun

- Mér finnst aldurblöndun koma vel út en mér finnst að það eigi að koma formlegt mat á henni
- Fá börn á sama aldri í sama bekk ( jákvætt+neikvætt að vera með blandaðan bekk)
- Samkennsla –of mikið umrót
- Of mikil skipting inni í bekknum að hver árgangur s.s. litli hópur fái að halda sér
- Tíð kennaraskipti
- Hvernig staðið er að myndun bekkja, þ.e. þegar bekkjum er skipt upp
- Finnst að umsjónarkennari eigi að fá meiri stuðning með nemanda sem er erfiður
- Ekki mjög ánægð með fuglanöfnin á bekkjunum. Af því bekkirnir róterast ég á 3 stelpur. Man aldrei nýju nöfnin
- Árgangaskipting. Of fá í árgangi.
- Skólalóðin ( mætti ganga hraðar )
- Lítið af leiktækjum

### **Samskipti**

- Yngsta stig- betri upplýsingar um starfið
- Samskipti má bæta, upplýsingaflæði, hvað er að gerast og hvað er á döfinni
- Meira upplýsingaflæði
- Vantar vikupóst frá kennurum
- Kennari mætti senda nokkrar línur í tölvupósti eins og svo margir kennarar gera
- Ekki nógu góð samskipti á milli kennara og foreldra
- Þyrfti að vera betra upplýsingaflæði frá kennara til foreldra
- Enginn tölvupóstur frá kennara
- Vantar upplýsingaflæði heim. T.d. nota dagbók í mentor

### **Kennsla**

- Stærðfræðikennsla. Barnið kemur heim með deilingardæmi en kann ekki margföldunartöfluna.
- Endilega setja meiri áherslu á tjáningu og leiklist. Agnar – leynileikhúsið. Austurbær
- Mættu vera meiri kröfur varðandi námið- meira heimanám
- Stærðfræðikennslufni

### **Mötuneyti**

- Mikið kvartað undan matnum. Fiskur og pasta virðist alltaf ofsoðið. Hafa val að þurfa ekki að taka mat alla daga eins og í Lindaskóla

### **Líðan**

- Finnst þurfa að taka meira á einelti í yngri bekkjum. Mitt barn verður fyrir og tekur þátt á hverjum degi og það er alltaf vanlíðan
- Ekki nógu góð gæsla úti á skólalóð í frímínútum.
- Umgengni í fataklefum. Sumir virðast vaða uppi og taka föt og skó frá öðrum og henda út um allt. E.t.v. að ræða við krakkana um það
- Dægradvöl, þar mætti vera meira í boði
- Eftirlit í búningsherbergjum
- Það þarf greinilega að manna betur í búningsklefum í sundi og leikfimi
- Lítið eftirlit í sundi

## Morgunkaffi - Mat foreldra í 5. – 7. bekk

### *Jákvætt*

- Góðir kennarar
- Góður kennari
- Góðir kennarar í flestum tilfellum
- Yfirleitt frábærir kennarar
- Gott starfsfólk
- Gott starfsfólk
- Gott starfsfólk
- Góðir kennarar flestir
- Gott aðgengi að stjórnendum
- Oftast vel tekið á málunum
- Gott samstarf við heimili
- Fjölbreytt skólastarf
- Góður andi í skólanum
- Gott að eigi að aldurskipta í bekki
- Skemmtileg einkunnagjöf
- Þróun skólastarfsins
- Fjölbreyttar kennsluáðferðir (smiðjur/fjölgreindarleikar o.s.frv.)
- Góða samskipti við forráðamenn
- Góður matur
- Smiðjurnar góðar
- Gott upplýsingastreymi
- Nemandanum líður vel
- Góður skóli
- Góður andi í skólanum – barninu líður vel-
- Gott upplýsingaflæði
- Góður andi
- Smiðjurnar
- Sífelld skoðun á vað má betur fara
- Gott skipulag
- Heimilislegur og passlega stór skóli
- Smiðjur
- Fjölgreindarleikar

### **Það sem betur má fara:**

- Aðgæsla í útivist
- Umgengni í fatahengi
- Mötuneytismál mætti ver hægt að kaupa staka daga
- Fyrirkomulag á bekkjum
- Samkenntla ekki góð
- Erfitt að skipta um bekkjarfélaga á hverju ári => neikvætt f. Félagsleg samskipti
- Ör kennaraskipti
- Ör kennara skipti
- Blöndun bekkja

- Stundum verið of mikið "dund" þannig að börnin hafa verið eftir jafnöldrum í stærðfræði
- Þarf að taka harðar á erfiðu drengjunum
- Meiri gæsla í sundi/íþróttum
- Virkja mentor betur
- Erfitt að fylgjast með hvað þau eru að læra(lítið heimanám)
- Vandræði í umferð nálægt skólanum
- Umferðaröngþveitið í kringum skólann!( kemur samt skólastarfinu ekki beint við)
- Veikindi kennara
- Ekki forfallakennari
- Ekki fylgst nógu vel með búningsklefa. Þarf að vera einhver til staðar
- Vantar uppá lóðafrágang

# Morgunkaffi - Mat foreldra í 8.-10. bekk

## Jákvætt

### Kennsla

- Heimanám unnið á skólatíma í sérstökum tímum
- Vinnuvalstímar
- Valtímar
- Stærðfræðikennslan mikill munur á kennslu
- Einstaklingsmiðað nám
- Stærðfræðikennsla mjög góð
- Toppkennari
- Jákvæðir og nýjungagjarnir kennarar
- Góðar námsaðferðir
- Rúnar mjög góður kennari
- Legó leage
- Góðar hugmyndir
- Skák
- Frábær skóli
- Góð kennsla
- Einstaklingsmiðað nám hentar vel
- Mikill sveigjanleiki
- Frábært starfsfólk
- Áhersla á list-og verkgreinar
- Smiðjufyrirkomulag
- Grænfáninn
- Jákvæðni og framsýni í skipulagi starfs
- Ýtt undir fjölbreytni og stuðlað að frumkvæði Aðstaða til fyrirmyndar eftir stækkun skólans
- Virðist metnaður til að gera vel. Takk fyrir okkur
- Vel haldið utan um nemendur og áhugi fyrir einstaklingnum.
- Fá að vinna á sínum hraða

### Líðan

- Góður mórall og samskipti
- Jákvætt viðmót og utanumhald
- Þeim líður miklu betur núna í skólanum
- Andrúmsloftið gott – vinnufriður
- Barnið er ánægt
- Mjög góður andi í skólanum
- Hlýlegar móttökur frá starfsfólki
- Gott viðmót
- Jákvæður andi
- Tekið fljótt á vandamálum sem koma upp
- Barninu mínu líður vel í skólanum
- Tekið strax á málunum
- Nokkur góður agi á nemendum
- Jákvætt tekið á málum
- Afslappað og gott umhverfi
- 
- Barninu (unglingnum) líður vel í skólanum og það er lögð áhersla á það í skólanum

- Góður mórall í skólanum

### **Skipulag**

- Minni bekkur
- Persónulegur
- Frekar ánægð með allt sem ég hef kynnt mér
- Litlir bekkir – góður vinnufriður
- Mjög jákvætt að skipta bekknum- miklu betri vinnufriður og góður mórall
- Blöndun bekkja-aukin félagshæfni

### **Samskipti heimila og skóla**

- Opin og góð samskipti við foreldra
- Aðgengi að kennurum, stjórn góð og allir til í að hlusta..
- Samskipti við skólann góð
- Upplýsingastreymi er gott

### **Stjórnendur**

- Mikil ánægja hjá nemendum þegar skólastjóri sest hjá þeim á göngum, matsal eða annars staðar og bara spjallar um daginn og veginn
- Mikil ánægja með skólastjóra
- Jákvæðir skólastjórnendur og finir kennarar
- Skólastjórnendur eru vel með á nútunum og í góðum tengslum við skóla+nemendur
- Frábær aðstaða í skólanum og áhugasamir stjórnendur
- Stjórnendur (Hafsteinn og Hrefna) eru bestastir ☺
- Stjórnendur og fyrirkomulag til fyrirmyndar

## **Það sem betur má fara**

### **Kennsla og skipulag**

- Vantar afleysingakennara í eitthvað af smiðjum
- Ég er mjög ósáttur við bekkir samsetta úr tveimur árgöngum í yngri stigum
- Má vera meiri “töflu” kennsla
- Kynjaskipting ekki jöfn í bekknum
- . . . en orð oft meiri en aðgerðir. Taka þarf á hlutum fastari tókum og fylgja eftir
- Aldursblöndun

### **Samskipti heimila og skóla**

- Foreldrar mættu vita meira um bekkjarstarfið (meðtölvupósti frá kennara)

### **Líðan og agamál**

- Agaleysi og vanmáttur kennara til að taka á vandamálum er til mikilla vandræða. Bitnar á þeim sem vilja læra!
- Vantar meiri aga
- Óróleiki í kennslustundum
- Agaleysi í kröfum í setu í kennslustofum. Nemendur ekki í tíma.
- Stundum kaótískt ástand
- Sumum börnum er ekki boðið í nein afmæli. Mætti skoða að hafa reglur um það eins og í mörgum skólum

**Mötuneyti**

- Ekki alltaf nógu vel upplýst starfsfólkið í mötuneyti um ofnæmi. En til fyrirmyndar samt!
- Alltaf má bæta matinn

**Annað**

- Þekki ekki nóg ☺
- Verst að nemandinn getur ekki verið lengur ☺
- Umferðarskipulag í nærumhverfi.
- Of stór skóli